



Bessastöðum,
24. apríl 2020

Eggert Sólberg Jónsson
sviðsstjóri fristunda- og menningarsviðs
Grindavík

Kon Egbert!

Nú er ljóst að ekki verður unnt að halda sjómanna- og fjölskylduhátiðina Sjóarann síkáta í Grindavík í ár. Því ræður veiran skæða og nauðsynlegar varnir gegn henni. Þetta er auðvitað leitt en óumflýjanlegt í ljósi aðstæðna. Í ár hefði hátiðin verið haldin í 25. sinn. Það er afrek að halda svo glæsilegan viðburð ár hvert í aldarfjórðung.

Undanfarin ár hefur mér og fjölskyldunni hlotnast sá heiður og ánægja að heimsækja Sjóarann síkáta, sækja sjómannadagsmessu og blanda geði við gesti og gangandi á hátiðarsvæðinu. Indaðt hefur verið að finna þann jákvæða anda sem þar hefur jafnan ríkt. Sömuleiðis met ég mikils þann hlýhug sem þið í undirbúningsnefnd – fulltrúar Grindavíkurbærar og Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur – hafið sýnt okkur.

Saga og samtíð sýna vel að Grindvíkingar eru þekktir fyrir annað en að leggja árar í bát. Þessari ótið mun slota og þá mun Sjóarinn síkáti sýna sig á nýjan leik, ykkur heimamönnum og okkur öllum í þessu landi til ánægju og gleði.

Ég ítreka þakkir mínar og góðar kveðjur til ykkar allra.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Guðni Th. Jóhannesson".
Guðni Th. Jóhannesson